



Atvinnuveganefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. febrúar 2021

### **Umsögn Neytendasamtakanna um breytingu á lögum um Neytendastofu og fleiri lögum (stjórnsýsla neytendamála). Mál 344**

Að meginstefnu snýst frumvarpið um að færa mælifræði- og öryggisvið Neytendastofu undir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, en einnig er í greinargerð að finna óljósar hugmyndir um tilfærslu neytendaréttarsviðs og hugsanlega niðurlagningu Neytendastofu með sparnaðarsjónarmið í huga. Í greinargerð segir að stefnt sé að því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verði sterkt miðlægt stjórnvald á sviði vöruöryggismála til þess að ná verkefnaþaðri samlegð og auka sérþekkingu og bolmagn til að takast á við verkefni, hugsanlega með sama sniði og t.d. Sikkerhedsstyrelsen í Danmörku. Neytendasamtökin eru ekki andvíg þeirri meginhugmynd að fækka smáum ríkisstofnunum, og að með því náist hagræðing, að því gefnu að til verði stærri og öflugir stofnanir sem geta sinnt verkefnum sínum af nauðsynlegri kostgæfni og festu.

Markmiðið með því að setja Neytendastofu á fót 2005 var, skv. greinargerð með frumvarpi, að efla stöðu neytendamála og auka neytendavernd. Með breyttri stofnanaskipan gæti verið eðlilegt og skynsamlegt að færa rafmagnsöryggi og e.t.v. mælifræði til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, en ekkert bendir til þess að sérþekking á öryggi neytandavara og -þjónustu eflist og verkefnaþaðri samlegð náist með því að færa t.d. öryggi leikfanga, reiðhjóla og snuða frá Neytendastofu, eða þá rafretta eins og lagt er til. Á hinum Norðurlöndunum er öryggi neytandavara og -þjónustu, sem ekki falla undir sértæka löggjöf, í höndum neytendastofnana, nema sérstakri stofnun sem sinnir einungis öryggismálum hafi verið komið á legg. Með öðrum orðum snúa áhyggjur Neytendasamtakanna að því að áherslur stofnunar með svo stór og ólík verkefni verði ómarkvissar og lítil samlegð af þeim. Þannig þekkja Neytendasamtökin ekki til stofnana í öðrum löndum sem bæði veita húsnæðislán og hafa umsjón með framkvæmd löggildingareftirlits með mælitækjum fyrirtækja. Þá er ákveðin hættu á að neytendamálin tvístrist um kerfið með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til.

Að því sögðu gera Neytendasamtökin ekki sérstakar athugasemdir við að önnur stofnun en Neytendastofa sinni framvegis verkefnum mælifræðisviðs og rafmagnsöryggis sem Neytendastofa hefur gert hingað til, að því gefnu að áfram verði vandað til verka.

Neytendasamtökin sendu inn umsögn við drög að frumvarpi þessu og gerðu athugasemdir við óljóst orðalag hvað varðar framtíð Neytendastofu. Í greinargerð segir að Neytendastofa sinni áfram verkefnum á sviði neytendaréttarsviðs eða „enn um sinn“ eins og það er orðað en einnig segir að hugsanlega verði þau verkefni færð undir aðra stofnun á árinu 2021. Er í því samhengi vísað til sparnaðs fyrir ríkissjóð. Neytendasamtökin finna því ekki stað að óeðlilega miklu fé sé ráðstafað til neytendamála hér á landi. Þvert á móti bendir margt til þess að minna fé sé varið í málaflokkinn á Íslandi en í þeim löndum sem við berum okkur jafnan saman við.

Neytendasamtökin telja þess í stað nauðsynlegt að stjórnvöld stórefli fyrirkomulag neytendamála. Eru stjórnvöld hvött til að gera úttekt á kostnaði og fyrirkomulagi neytendamála á hinum Norðurlöndunum til að sjá hvort ekki megi draga nokkurn lærdóm af. Í þessu samhengi mætti greina betur á milli markaðsréttar og einkaréttar og haga málum samkvæmt því.

Vert er að rifja upp að árið 2005 var skipulagi neytendamála breytt hér á landi. Nýtt embætti talsmanns neytenda var sett á fót en skilgreining á hlutverki talsmanns neytanda var óskýrt og hafði hann engar valdheimildir. Samhliða var sett á fót ný stofnun, Neytendastofa, sem tók yfir ýmis verkefni sem sum hver höfðu lítið með neytendamál að gera svo sem deilur milli fyrirtækja um auðkenni og vörumerki. Níu árum eftir þessar umfangsmiklu breytingar var embætti talsmanns neytenda lagt niður. Staðan í dag er sú að verkefni hafa verið færð frá Neytendastofu til annarra stofnana og nú liggur fyrir tillaga um að öll verkefni sem ekki heyra beint undir neytendaréttarsvið verði flutt annað. Er jafnvel ýjað að því að stofnunin verði lögð niður án þess að nokkuð sé vitað um áform stjórnvalda í neytendamálum að öðru leyti.

Þetta er rifjað hér upp til að undirstrika mikilvægi þess að stjórnvöld móti heildstæða stefnu til framtíðar því málafokkurinn líður fyrir þann hringlandahátt og skort á framtíðarsýn sem einkennt hefur neytendamálin á Íslandi.

Neytendasamtökin þakka fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og lýsa sig reiðubúin til frekara samráðs um framtíðarskipulag þessa mikilvæga málaflokks.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson  
formaður Neytendasamtakanna